

Nd.

256. Frumvarp

til laga um gjaldfrest bænda og bátaútvegsmanna.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Þeir, sem hafa landbúnað að aðalatvinnu eða útgerð báta, sem eru 30 brúttó smálestir að stærð samtals eða minna, eiga rétt á að fá gjaldfrest á skuldum sínum eftir reglum þessara laga.

Fresturinn nær aðeins til höfuðstóls þeirra skulda, sem stofnaðar eru fyrir 1. jan. 1932 vegna landbúnaðar og bátaútvegs. Fresturinn nær ekki til opinberra skatta og gjalda.

2. gr.

Í sýslufélagi hverju og kaupstað skal skipa nefnd þriggja manna til að inna af hendi það starf, sem lög þessi ákveða, og jafnmarga til vara. Nefnd þessi, sem heitir skilanefnd, skal skipuð þannig, að atvinnumálaráðherra tilnefnir formann, en sýslunefnd og búnaðarsamband héraðsins tilnefnir sinn manninn hvort. Um val varamanna fer eftir sömu reglum. Skilanefndarmenn skulu vera búsettir á starfssvæði sínu.

3. gr.

Nú telur atvinnurekandi, sem um ræðir í 1. gr., sig ekki geta innt af hendi umsamdar eða umkrafðar afborganir skulda, er á honum hvila, og hann nær ekki þeim samningum við lánardrottna sína, sem hann treystist að uppfylla, og er honum þá rétt að snúa sér til formanns skilanefndar með skriflega beiðni um að njóta verndar þeirrar, sem lög þessi heimila. Beiðninni skal fylgja:

- a) Afrit af síðustu skattskýrslu.
- b) Skrá yfir ábyrgðir beiðanda.
- c) Skýrsla um breytingar, sem orðið hafa á efnahag eða ástæðum skuldunauts síðan skattskýrsla var gefin.
- d) Sundurliðuð skrá um skuldir, og skulu tilgreindir eigendur þeirra. greiðsluskilmálar og vaxtakjör.

4. gr.

Nú hefir skilanefnd borizt beiðni eins og í 3. gr. getur, og skal hún þá þegar tilkynna það dómara þeim, sem í hlut á, enda er aðför gegn skuldunaut og ábyrgðarmönnum hans óheimil fyrir þeim skuldum, sem lög þessi ná til, þar til úrskurður skilanefndar um, að frestur verði ekki veittur, er fallinn. Hið sama er um mál sókn á hendur skuldunaut eða ábyrgðarmönnum hans, nema um skuld sé að ræða, sem ekki er viðurkennd.

5. gr.

Skilanevnd skal, svo fljótt sem ástæður leyfa, taka gjaldfrestsbeiðni til meðferðar og rannsaka hana nákvæmlega. Hún heimtar frekari skýrslur af beiðanda, ef hún telur nauðsyn á. Hún á kröfu á að fá hjá formönnum skattanevnda allar þær upplýsingar um hag þeirra, sem skuldunautur er í ábyrgð fyrir, er skattskýrslur þeirra geta veitt, enda er skilanevnd í öllum störfum sínum bundin sömu þagnarskyldu og skattanevndir.

6. gr.

Þegar skilanevnd hefir fengið þau gögn, sem hún telur þörf á til þess að úrskurða um málið, fellir hún úrskurð sinn eins fljótt og við verður komið, og eigi síðar en 3 mánuðum eftir, að frestbeiðni barst henni, nema leita þurfi skýrslna úr fjarlægum landshlutum. Lengur en 5 mánuði frá móttöku frestbeiðni má úrskurður þó aldrei dragast.

Í skilanevnd ræður afl atkvæða úrslitum, enda taki 3 skilanevndarmenn þátt í úrskurði.

7. gr.

Skilanevnd skal hafa gerðabók. Sýslumaður eða bæjarfógeti löggildir hana, en í Reykjavík lögmaður. Í gerðabók skal skrá allar ályktanir skilanevndar og stutt yfirlit yfir það, sem fram fer á fundum hennar. Þar skal og getið móttökudags frestbeiðna.

8. gr.

Skilanevnd á rétt á, ef hún telur ástæðu til, að kalla fyrir sig skuldunaut, lánardrottna hans og þá, sem hann er í ábyrgð fyrir, eða umboðsmenn þeirra, til þess að reyna að koma á samkomulagi um frest til handa skuldunaut. Ef samkomulag næst, skal niðurstaðan skráð í gerðabók, og gildir hún sem úrskurður væri. Ef samkomulag næst ekki, gengur málið til úrskurðar skilanevndar.

9. gr.

Einróma úrskurði skilanevndar verður ekki áfrýjað, en verði nefndarmenn ekki á eitt sáttir, getur skuldunautur eða skuldheimtumaður áfrýjað til atvinnuáráðuneytisins, og kveður það upp fullnaðarúrskurð eins fljótt og verða má.

Úrskurðir skilanevndar og ráðuneytis eru bindandi fyrir aðilja sem dómur væri.

10. gr.

Skilanevnd er óheimilt að úrskurða skuldunauti frest á afborgunum, ef hún telur:

1. Að hann geti innt þær af hendi eftir samningum eða kröfum án verulegs hnekkis þeirri atvinnu hans, sem í 1. gr. getur.
2. Að hann sé líklegur til að nota frestinn til að rýra tryggingar skuldunauta sinna.

3. Að ástæður hans séu svo erfiðar, að ekki séu líkur til, að hann geti uppfyllt skuldbindingar sínar í venjulegu árferði.
4. Að hann eigi ekki fyrir skuldum, þegar lagt er til grundvallar:
 - a) Á fasteignum gildandi fasteignamat.
 - b) Á bústofni, búshlutum, bátum, veiðarfærum og öðrum eignum meðaltal þess verðs, sem lagt er til grundvallar mati við framtal til tekju- og eignarskatts 3 síðustu árin.
 - c) Um ábyrgðir, hverjar líkur séu til, að þær falli á hann.

11. gr.

Nú telur skilanefnd, að skuldunautur falli ekki undir ákvæði 10. gr., og úrskurðar hún honum þá frest á þeim afborgunum, sem hann, að áliti hennar, getur ekki innt af hendi án verulegs hnekkis fyrir atvinnu þá, sem í 1. gr. getur.

12. gr.

Skilanefnd má ekki úrskurða skuldunaut lengri frest en 1 ár, talið frá úrskurðardegi.

13. gr.

Fjármálaráðherra hefir heimild til, að fengnum tillögum þeirra lánsstofnana, sem gefa út vaxtabréf, að ákveða dráttarvexti af vaxtabréfalánnum.

14. gr.

Nú kemur það í ljós, að skuldunautur hefir skýrt skilanefnd rangt frá fjárhag sínum, eða hagur hans hefir breytt í verulegum atriðum, og getur nefndin þá fellt úr gildi úrskurð sinn eða breytt honum, ef atvik eru þannig, að þau hefðu leitt til annarar niðurstöðu, ef kunn hefðu verið, er úrskurðað var í byrjun.

15. gr.

Nú sannast það, að skuldunautur notar frest, sem hann hefir fengið samkvæmt lögum þessum, til þess að rýra tryggingar skuldheimtumanna sinna í sviksamlegum tilgangi, og varðar það refsingu eftir 26. kap. hinna almennu hegningarlaga. Auk þess fellur úrskurður skilanefndar úr gildi þegar er brot er sannað.

16. gr.

Ef lög þessi valda þeim stofnunum, sem gefið hafa út vaxtabréf, erfiðleika um innlausn þeirra bréfa, sem út eru dregin til greiðslu, er fjármálaráðherra heimilt að taka fyrir hönd rikissjóðs lán til greiðslu á þeim, ef ekki er til þess veitt fé í fjárlögum. Þetta lán telst veitt þeim skuldunautum, sem greiðslufrest fengu, er tryggt með lögveði næst á eftir þeirri skuld, sem afborgunin er hluti af, og endurgreiðist rikissjóði á þann hátt og með þeim vöxtum, að rikissjóður sé skaðlaus af.

Ef aðrar lánsstofnanir, þar með taldir sparisjóðir, lenda í greiðsluörðugleikum vegna þessara laga, veitir rikissjóður nauðsynlega hjálp á þann hátt, sem fjármálaráðherra ákveður.

17. gr.

Atvinnumálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

18. gr.

Kostnaður af framkvæmd þessara laga greiðist úr rikissjóði, eftir reikningum, sem fjármálaráðherra úrskurðar.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 1. júlí 1933.

Greinargerð.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að framleiðendur til lands og sjávar eiga við hina mestu örðugleika að stríða vegna geysilegs verðfalls á framleiðsluvörunum og mikils rekstrarkostnaðar. Útlitið bendir til þess, að hinir mestu erfiðleikar verði um greiðslu skulda, og verði ekkert að gert í þessu efni og skuldareigendur gangi fast eftir skuldum, sýnist ekkert líklegra en að margir atvinnurekendur verði að ganga frá eignum sínum, til stórskaða fyrir þá og þjóðarheildina.

Að þessu athuguðu hefir landbúnaðarnefndin talið rétt að flytja frv. þetta, til þess að gera tilraun til að útvega bændum og bátaútvegsmönnum, sem ekki eru þess megnugir að standa í skilum með greiðslur sínar, nokkurn frest. Það er sem betur fer sjaldgæft, að gripa þurfi til þeirra meðala, sem frv. ráðgerir, og er því ekki hægt að vísa til fyrri reynslu í þessum efnum. Þau ráð og þær aðferðir, sem stungið er upp á, verður því að skoða sem tilraunir, sem líklegt er, að reynslan sýni, að sé í einhverju ábótavant. Fyrir því er ekki ráðgert, að lög um þetta efni gildi lengur en til 1. júlí 1933, og eigi slík löggjöf sem þessi að gilda lengur, verður næsta þing að taka málið til meðferðar að nýju. Verður þá sennilega fengin nokkur reynsla af lögum þessum og vonandi eitthvað byrjað að rofa til í kreppu þeirri, sem nú grúfir yfir.

Nefndinni er það ljóst, að löggjöf um þetta efni er hið mesta vandamál, er saman fer erfiður hagur rikissjóðs og einstaklinga, en væntir hinsvegar, að nokkur bót verði að frv., ef að lögum verður.

Búnaðarþingið í vetur hafði mál þetta til meðferðar, og hefir við samning þessa frv. verið höfð hliðsjón af því, er þar gerðist.

Nefndin sendi Búnaðarbankanum, Landsbankanum og Sambandi ísl. samvinnufélaga til umsagnar frv. það, sem búnaðarþingið hafði samið, en þegar frv. þetta var afgreitt frá nefndinni. hafði svar aðeins komið frá Búnaðarbankanum. Hinsvegar sér nefndin ekki fært að draga lengur að afgreiða málið, þar sem svo langt er liðið af þingi.

Skýringar á hinum einstöku ákvæðum frv. verða að biða framsögu og umræðna.